„AÐSÓKN hefur verið góð, á fjórða þúsund manns hefur nú komið á sýninguna frá því hún var opnuð, og ég er ánægður með undirtektir," sagði Baltasar listmálari í stuttu spjalli við Morgunblaðið um sýningu á verkum hans, sem nú stendur yfir að Kjarvalsstöðum. Á sýningunni sýnir Baltasar 55 málverk, sem hann skiptir í nokkra flokka eftir myndefni og er þetta tíunda einkasýning listmálarans, auk þess sem hann hefur tekið þátt í fjölda samsýninga bæði hér heima og erlendis.



Baltasar við eitt verka sinna á sýningunni. (Morgunblaðið ÓI.K.M.)

„Þessi sýning er á margan hátt frábrugðin mínum fyrri sýningum," sagði Baltasar ennfremur, „það má eiginlega líta á þetta eins og symfóníu í mörgum mismunandi þáttum, sem ég reyni svo að samræma. Það er einn tónn sem gengur í gegnum heildina, með mismunandi stefum þó. Myndirnar eru allar unnar á svipaðan hátt tæknilega, með sama litakerfi, en fjalla um mismunandi hluti. Ástæðan fyrir þessum vinnubrögðum er það stórverkefni sem býður mín í Víðistaðakirkju í Hafnarfirði, en það er 200 fermetra freska, sem mér hefur verið falið að mála þar.

Undirbúningur að lífsverkefni mínu

Segir Baltasar um sýninguna að Kjarvalsstöðum

Það má því segja, að ég líti á þessa sýningu sem æfingu fyrir mig fyrir þetta mikla verkefni. Þetta er t.d. í fyrsta skipti sem ég mála allar myndirnar mattar og það er m.a. til að venja mig við þá áferð. Litirnir sem ég nota eru einnig nákvæmlega þeir sömu og ég kem til með að nota á freskuna, en það eru ekki nema sérstakir litir, sem þola kalkið, en freskan er máluð á blautt kalk og því verður að nota sérstaklega sterka liti, sem þola brennsluna og kalkið étur ekki. Þetta setur auðvitað sterkasta svipinn á þessa sýningu, að verkin eru öll máluð með þetta í huga. Má þar m.a. nefna fjórar stórar litaæfingar, sem eru bara litlir partar í smækkaðri stærð af því verki, sem ég kem til með að mála í Víðistaðakirkju."

Hvenær byrjarðu svo á þessu mikla verkefni í Víðistaðakirkju?

„Freskur eru þannig, að það verður að mála þær um leið og húsin eru fokheld og mér skilst að þeir nái að loka kirkjunni nú fyrir sumarið. En þar sem svo mikið vatn er notað við freskugerðina, er ekki hægt að byrja fyrr en öruggt er, að ekki muni frjósa. En eins og ég sagði, er sýningin eins konar æfing fyrir þetta verkefni, þar sem ég nota sömu liti og sömu tækni og ég ætla að nota á freskuna. Ég hef unnið að þessari hugmynd frá árinu 1982, er mér bauðst að taka þessa kirkjuskreytingu að mér og á sýningunni koma fram þær hugmyndir, sem ég hef gert mér að þessu verki.

Það er auðvitað ljóst, að svona verkefni nær sterkum tökum á manni, því freskur geta staðið til eilífðar, ef vel tekst til, og þú festir ekki slíkt verk á vegg, sem kannski á eftir að standa í tvö til þrjú þúsund ár, nema að vel hugsuðu máli. Í slíkum tilfellum þýðir ekki að hugsa um einhverjar tískulínur, sem ganga í dag, heldur spyr maður sjálfan sig, hvernig maður vill að komandi kynslóðir sjái mann. Á sýningunni kemur því fram þessi leit mín að sjálfum mér og hvernig ég vil að komandi kynslóðir sjái mig. Þetta er sem sagt leit að stíl, formi og litagerð sem ég vil að varðveitist. Ég fer ekki í neinn tískujakka til að mála þetta.

Það er því mjög mikilvægt í lífi hvers listamanns, að fá slíkt verkefni, þar sem þú þarft að spyrja sjálfan þig svo margra spurninga og meta allt þitt lífsstarf. Og þessi sýning er hluti af svörunum við þessum spurningum. Þemað í kirkjuskreytingunni verða sæluboðorðin, sem Kristur boðaði í Fjallræðunni og ég fékk frjálsar hendur með að velja þemað, sem arkitektinn og sóknarpresturinn síðan samþykktu. Og það má líka geta þess, að ég ætla að hafa Jesúm brosandi, sem ég held að hafi aldrei verið gert áður. Þetta verður hinn mildi Jesús. Freskan kemur til með að verða eins konar minnisvarði og verður mikilvægasta verk sem ég hef unnið í lífinu. Svona tækifæri fær maður ekki oft í lífinu og því má segja, að sýningin mín nú að Kjarvalsstöðum sé undirbúningur að lífsverkefni mínu," sagði Baltasar.

Sýning Baltasar að Kjarvalsstöðum verður opin nú yfir hátíðarnar, frá klukkan 14.00 til 22.00 alla daga, en henni lýkur á annan í páskum.

Kartöflurnar nánast blaut eðja:

36,4% í 3. flokk og þar fyrir neðan

SAMKVÆMT KÖNNUN sem Neytendasamtökin gengust nýlega fyrir, þar sem kartöflur úr 19 verslunum voru kannaðar og flokkaðar, þá hafna 36,4% af þeim pokum sem neytendum stendur til boða úr þeim verslunum í 3. flokki eða neðar, en fyrir þessa vöru verða neytendur að greiða fullt verð. Þetta kemur fram í frétt frá Neytendasamtökunum um könnun sem þau gengust fyrir þann 11. þessa mánaðar.

Þar kemur fram að það voru 22 2,5 kílóa kartöflupokar sem keyptir voru til könnunarinnar, og það var fulltrúi yfirmatsmanna garðávaxta, Hrafnlaug Guðlaugsdóttir, sem var matsmaður. Matið fór fram í húsi Grænmetisverslunar landbúnaðarins.

Í frétt Neytendasamtakanna segir að kartöflur frá einni verslun hafi skorið sig úr, og verið nánast blaut eðja. Það hafi verið kartöflur frá SS Miðbæjarmarkaði. Þar hafi m.a. verið á boðstólum 12. apríl poki pakkaður í febrúar. voru dagsetningar á kartöflum þar kannaðar nánar vegna þessa og í ljós kom að um helmingur var pakkaður um miðjan mars og það nýjasta var frá 2. apríl.

Í kartöflunum frá Finnlandi hefur fundist sýking, svokallað hringrot, og af þeim sökum hefur liðlega 50 tonnum verið fleygt á öskuhauga. Sjúkdómur þessi er ekki hættulegur heilsu manna, en Neytendasamtökin beina því engu að síður til fólks að það forðist að setja niður erlendar matarkartöflur í garða sína, þar sem slíkt gæti haft í för með sér mikið tjón fyrir framleiðslu garðávaxta á Íslandi.

Morgunblaðið sneri sér til Gunnlaugs Björnssonar, forstjóra Grænmetisverslunarinnar, vegna þessa. „Þetta er nú ekki að öllu leyti okkar mál, heldur einnig smásöludreifingarinnar, þar sem í mörgum tilvikum er farið mjög illa með þessa vöru, einmitt á þeim tíma þegar hún þolir ekkert hnjask," sagði Gunnlaugur m.a., en hann bætti því við að auðvitað væri leitt til þessa að vita, enda hefði pökkun og afgreiðsla á finnsku kartöflunum, sem verst komu út úr könnuninni, verið stöðvuð.

Austurríska skíðakennarar í Bláfjöllum um páskana

SKÍÐASKÓLI Ármanns hefur fengið til liðs við sig í Bláfjöllum um páskana tvo austurríska skíðakennara, sem munu kenna ásamt Hafliða B.Harðarsyni skólastjóra, Einari Úlfssyni yfirkennara skíðaskólans o.fl.

Það eru þeir Helmut Mayer, sem er íslensku skíðafólki kunnur fyrir kennslu í Kerlingafjöllum sl. 10 ár og Herbert, sem kenndi 1979 og 1980 í Kerlingafjöllum. Báðir hafa lokið hinu austurríska skíðakennaraprófi, auk þess sem Helmut er gamall landsliðsmaður Austurríkis, og getur einnig státað af æðstu gráðu skíðakennara, hinni erfiðu þjálfaragráðu Austurríkis.

Safnast verður saman dag hvern við Þjónustumiðstöðina í Bláfjöllum fyrir kl. 11 f.h. og verður þá kennt til kl. 13. Um kl. 13 hefst svo annað námskeið sem stendur til kl. 16. Boðið er upp á kennslu fyrir skíðamenn af öllu tagi. Byrjendum og börnum verður kennt í nánd við Þjónustumiðstöðina, en þeir sem lengra eru komnir fá að spreyta sig hvar sem er á skíðasvæði Bláfjalla. Barnagarðurinn verður starfræktur fyrir neðan Þjónustumiðstöðina með svipuðu sniði og undanfarin ár. Þar er börnum kennt á skíði með aðstoð ýmissa þrauta svo sem hóla og hliða. Tekið er á móti börnum allt niður í 2ja ára og þeirra gætt uns foreldrar vitja þeirra. Innritun er fyrirfram í síma og í Þjónustumiðstöðinni áður en kennsla hefst.

Mjólkurfræðingar semja:

Fá fram ákvæði varðandi vinnuréttindamál

SAMNINGAR tókust með mjólkurfræðingum og viðsemjendum þeirra um kvöldmatarleytið á mánudag eftir rúmlega 30 klukkustunda langan samningafund, en fundurinn hófst klukkan 10 á sunnudagsmorguninn. Samningurinn er sá sami og samningur ASÍ og VSÍ frá 21. febrúar í vetur, hvað varðar gildistíma, uppsagnarákvæði og áfangahækkanir, en auk þess náðu mjólkurfræðingar fram ákvæðum varðandi vinnuréttindamál. Samningurinn er afturvirkur til 21. febrúar.

Verkfalli mjólkurfræðinga sem hófst á miðnætti á sunnudag er því aflýst og var vinna í mjólkurstöðvunum með eðlilegum hætti í gær.

Guðmundur Sigurgeirsson, formaður Mjólkurfræðingafélags Íslands, sagðist í samtali við Morgunblaðið vera eftir atvikum ánægður með samninginn. Viðræðurnar hefðu fyrst og fremst snúist um vinnuréttindamál og þeir hefðu fengið fram ákveðna tryggingu varðandi þau. Um væri að ræða skilgreiningu á störfum mjólkurfræðinga, hvaða störfum þeir ættu að gegna og trygging fyrir því að þeir gegndu þeim störfum í framtíðinni. Þeir hefðu síðan tekið til við að ræða kaupgjaldsmálin á mánudagsmorguninn og gengið tiltölulega fljótt og vel að fá niðurstöðu í þau mál.

„Ég held ég verði að vera ánægður með samninginn. Það er eins og alltaf í samningum að maður verður að gefa eftir af sínum kröfum, en ég held ég geti ánægður skrifað undir þessa samninga," sagði Guðmundur.

Gert er ráð fyrir að félagsfundur verði hjá Mjólkurfræðingafélagi Íslands nú í vikunni, þar sem samningurinn verður borinn undir atkvæði félagsmanna.



Frá undirritun samnings Mjólkurfræðingafélagsins og Vinnumálasambands Samvinnufélaganna um kvöldmatarleytið í gær hjá ríkissáttasemjara. Morgunblaðið/ KEE.

Áskorun Frétta- og fræðsludeildar sjónvarpsins:

Sjónvarp verði á fimmtudögum

FRÉTTA- og fræðsludeild sjónvarpsins segist í bréfi, sem lagt var fram á fundi útvarpsráðs þann 13. þ.m., heita á útvarpsráð og útvarpsstjóra að taka upp fréttir og jafnframt kvölddagskrá alla fimmtudaga sem aðra daga vikunnar frá og með byrjun næsta árs.

Í bréfi FFD kemur einnig fram, að sjónvarp á fimmtudögum sé aðeins rökrétt framhald af afnámi sumarlokunar sjónvarpsins í júlí. Þá telur deildin að fráleitt sé að hafa einn fréttalausan dag í viku þegar fast starfslið er fyrir hendi fimmtudaga sem aðra daga. Ennfremur séu fréttasendingar keyptar erlendis frá á fimmtudögum og stór hluti þeirra úreldist á þeim tíma sem líður þar til fréttir eru sýndar á föstudagskvöldum.

Þá segir einnig í bréfi FFD, að lágmarkskrafa sé, að íslenskir sjónvarpsáhorfendur eigi valkost á milli íslensks og norsks sjónvarpsefnis á fimmtudögum nú þegar ljóst virðist að möguleikar séu fyrir hendi á móttöku efnis frá norska sjónvarpinu.